

Grunnvernd – Líf- og sjúkdómatrygging

G1

Vátryggingarsamningurinn

Um vátryggingu þessa gildir það sem fram kemur í:

- Vátryggingarskírteini
- Vátryggingarskilmálum, þ.e.:
 - hugsanlegum sérskilmálum, sem koma fram í vátryggingarskírteini
 - skilmálum þessum
- Lögum nr. 30/2004 um vátryggingarsamninga.

Vátryggingarskírteinið hefur að geyma nánari ákvæði vátryggingarsamningsins sem ekki koma fram í skilmálum þessum. Sérskilmálar í vátryggingarskírteini útvíkka, takmarka eða afmarka nánar gildissvið vátryggingarinnar umfram það sem kemur fram í skilmálum þessum. Að öðru leyti en fram kann að koma í sérskilmálum gilda ákvæði skilmála þessara um vátrygginguna.

Í tilvikum þar sem ákvæðum um sama efni ber ekki saman gilda ákvæði í vátryggingarskírteini og endurnýjunarkvittun framfar ákvæðum vátryggingarskilmála og sérskilmálar ganga framfar almennum skilmálum, þó þannig að sértækar reglur ganga ávallt framfar almennum. Ákvæði í vátryggingarskírteini, endurnýjunarkvittun og skilmálum ganga framfar frávikjanlegum lagaákvæðum.

Hugtaka- og orðaskilgreiningar

Félagið: Merkir Sjóvá Almennar líftryggingar hf.

Vátryggingartaki: Sá sem gert hefur samning við félagið.

Vátryggður: Sá sem tryggður er.

Iðrunarréttur: Vátryggður hefur 30 daga frest til að segja vátryggingunni upp eftir að hún tók gildi. Verði vátryggingunni sagt upp innan þess tíma ber vátryggðum að greiða iðgjald fyrir þann tíma sem hann var vátryggður.

Maki: Í skilmálum þessum er með orðinu maki átt við þann aðila sem vátryggður er með í hjúskap eða staðfestri samvist. Þetta orð tekur ekki til sambúðarmaka.

Réttthafi: Hver sá sem á kröfu um greiðslu bóta.

Efnisyfirlit

1. gr.	Gildistími - iðgjald - gjalddagi – o.fl.	3
--------	---	---

LÍFTRYGGING 3

2. gr.	Bótasvið.....	3
3. gr.	Réttthafi bóta.....	3
4. gr.	Takmörkun á ábyrgð félagsins vegna líftryggingar.....	4

SJÚKDÓMATRYGGING 4

5. gr.	Bótasvið sjúkdómatryggingar.....	4
6. gr.	Vátryggingaratburðir og skilgreiningar.....	4
7. gr.	Barnasjúkdómatrygging.....	6
8. gr.	Takmarkanir á ábyrgð vegna sjúkdómatryggingar og barnasjúkdómatryggingar.....	6

ALMENN ÁKVÆÐI 6

9. gr.	Réttur til uppsagnar á vátryggingartímanum.....	6
10. gr.	Endurkaup og lán.....	7
11. gr.	Frestur til að tilkynna um vátryggingaratburð.....	7
12. gr.	Brot á upplýsingaskyldu - svik og rangar upplýsingar.....	7
13. gr.	Breyting vátryggingarfjárhæðar og iðgjalds.....	7
14. gr.	Breyting á iðgjaldsgrundvelli.....	7
15. gr.	Greiðsla vátryggingarfjárhæðarinnar.....	7
16. gr.	Fyrning.....	8
17. gr.	Ágreiningur.....	8
18. gr.	Varnarping.....	8
19. gr.	Þagnarskylda - Vernd persónuupplýsinga.....	8

1. gr. **Gildistími - iðgjald - gjalddagi – o.fl.**

Gildistími

Ábyrgð félagsins hefst þegar það hefur móttengið útfyllta og undirritaða váttryggingarbeiðni og aðrar nauðsynlegar upplýsingar og vottorð þannig að unnt sé að gefa út skírteini samkvæmt reglum félagsins um áhættumat og endurtryggingu. Gildistími váttryggingarinnar er skráður á skírteinið.

Váttryggingin gildir frá útgáfudegi og til þess tíma sem tiltekinn er í váttryggingarskírteini, þó ekki lengur en til 65 ára aldurs váttryggðs.

Iðgjaldið

Váttryggingartaki skal greiða iðgjald til félagsins. Fyrsta iðgjaldið fellur í gjalddaga þann dag sem váttryggingin tekur gildi. Síðari iðgjöld falla í gjalddaga á fyrsta degi hvers endurnýjunartímabils. Greiðslufrestur skal vera einn mánuður hið skemmsta frá þeim degi sem félagið sendi tilkynningu um greiðslu til váttryggingartakans.

Krafa um greiðslu iðgjalds verður send váttryggingartaka á það heimilisfang, sem hann hefur tilkynnt félaginu. Sending tilkynningar eða greiðsluseðils jafngildir kröfu um greiðslu.

Breytingar á heimilisfangi skal tilkynna félaginu þegar í stað.

Vanskil

Sé iðgjald ógreitt þegar greiðslufresti lýkur, getur félagið sent nýja tilkynningu þar sem greiðslu er krafist innan 14 daga. Sé iðgjald ekki greitt innan 14 daga frá dagsetningu þeirrar tilkynningar fellur váttryggingin þegar niður, sbr. 96. gr. laga nr. 30/2004.

Réttur til að endurvekja líftryggingu án nýrra heilsufarsupplýsinga

Hafi váttryggingin verið í gildi í eitt ár hið skemmsta og ábyrgð félagsins fallið niður vegna vanskila, er heimilt samkvæmt 97. gr. laga nr. 30/2004 að endurvekja váttrygginguna sem hreina áhættulíftryggingu án þess að nýjar heilsufarsupplýsingar komi til ef vangaldið iðgjald er greitt innan þriggja mánaða frá því að 14 daga greiðslufrestur samkvæmt ítrekun rann út.

Uppgjör ef samningi er slitið á váttryggingartímabilinu

Ef váttryggingarsamningi, sem gilda skal í eitt ár eða lengri tíma, er slitið á váttryggingartímabilinu, á félagið rétt á hlutfallslegu iðgjaldi miðað við þann tíma sem váttryggingin var í gildi. Þetta gildir ekki þegar váttryggingaratburður hefur orðið á váttryggingartímabilinu sem veitir rétt til greiðslu váttryggingarfjárhæðarinnar. Félagið endurgreiðir þó ekki iðgjald fyrstu þriggja mánuðina frá útgáfu váttryggingarinnar.

LÍFTRYGGING

2. gr. **Bótasvið**

Félagið greiðir réttthafa bætur ef váttryggður deyr á gildistíma váttryggingarinnar.

3. gr. **Rétthafi bóta**

Um rétt til greiðslu váttryggingarfjárhæðarinnar fer samkvæmt reglum XV. kafla laga nr. 30/2004.

Hafi váttryggingartaki/váttryggður ekki ráðstafað réttindum samkvæmt váttryggingarsamningi með tilnefningu réttthafa, framsali eða veðsetningu gilda reglur 100. gr. laga nr. 30/2004. Rennur váttryggingarfjárhæðin þá til maka váttryggðs. Láti váttryggður ekki eftir sig maka fellur váttryggingarfjárhæðin til erfingja váttryggðs samkvæmt lögum eða erfðaskrá.

Óski váttryggingartaki eftir því að váttryggingarfjárhæðin verði greidd til tiltekinna nafngreindra einstaklinga eða annarra réttthafa, er nauðsynlegt að semja um slíkt við félagið. Upplýsingar um tilnefningu réttthafa eru skráðar í váttryggingarskírteinið.

4. gr. Takmörkun á ábyrgð félagsins vegna líftryggingar

Svipti váttryggður sig lífi innan eins árs frá því að váttryggingin síðast öðlaðist gildi er félagið laust úr ábyrgð.

SJÚKDÓMATRYGGING

5. gr. Bótasvið sjúkdómatryggingar

Félagið greiðir bætur til váttryggðs ef staðfestur váttryggingaratburður á sér stað skv. 6. gr. skilmálanna á gildistíma váttryggingarinnar. Bætur eru ekki greiddar fyrr en sérfræðingur hér á landi í viðkomandi sérgrein hefur staðfest sjúkdómsgreininguna.

Bætur úr sjúkdómatryggingu greiðast aðeins einu sinni vegna váttryggðs sjálfs og við greiðslu bóta fellur sjúkdómatryggingarhluti váttryggingarinnar úr gildi nema hvað varðar barnasjúkdómatryggingu, sbr. 7.gr. og líftryggingu, sbr. 1.-4. gr.

Greinist sjúkdómur eftir að váttryggingin er úr gildi fallin er engin bótaskylda til staðar þó leiða megi líkum að því að sjúkdómur hafi verið til staðar meðan váttryggingin var í gildi.

6. gr. Váttryggingaratburðir og skilgreiningar

Váttryggingaratburður telst einungis verða, ef váttryggður greinist með einhvern þeirra sjúkdóma, gengst undir einhverja þeirra aðgerða eða hann hendi eitthvert þeirra tilvika sem talin eru upp og skilgreind hér á eftir:

Hjartaáfall (Myocardial Infarction)

Drep í hluta hjartavöðvans vegna ófullnægjandi blóðflæðis til svæðisins. Greiningin skal byggð á öllum eftirfarandi skilmálum:

- sögu um dæmigerðan brjóstverk
- nýjum einkennandi hjartalínuritsbreytingum
- hækkun sértækra efnahvata hjartavöðva, trópóníns eða annarra lífefnavísa.

Undanskilið er: hjartaflEygdrep án ST-hækkunar (NSTEMI) með hækkun trópóníns I eða T, önnur bráð kransæðaheilkenni (acute coronary syndromes).

Kransæða- (hjáveitu-) aðgerðir (Coronary Artery (A)ypass) surgery)

Það að gangast undir opna brjóstholsskurðaðgerð til þess að lagfæra eina eða fleiri kransæðar sem eru þrengdar eða stíflaðar og um sé að ræða kransæðahjáveitugræðling (CABG). Skurðaðgerð skal sannanlega hafa verið nauðsynleg samkvæmt kransæðamyndatöku (angiography).

Undanskilið er: Aðrar aðgerðir s.s. æðalögun (angioplasty) og/eða aðgerðir innan slagæða; aðgerðir um lítið op (key-hole surgery).

Hjartalokuskurðaðgerð (Heart Valve Surgery)

Viðgerð (lögun, aðskilnaður) eða skipti á einni eða fleiri hjartalokum með opinni brjóstholsaðgerð. Þetta tekur til skurðaðgerða á ósæðarloku, míturloku, lungnastofnslöku eða þríblöðkulöku þegar um er að ræða þröng (stenosis), leka eða báða þessa þætti saman.

Skurðaðgerð á ósæð (Surgery of the Aorta) (Aorta Graft Surgery)

Það að gangast undir skurðaðgerð á ósæð vegna langvinnis ósæðarsjúkdóms þar sem hluti ósæðar er skorinn í burt og í stað hins sjúka hluta er settur græðlingur (graft.). Með ósæð er hér átt við brjóstholshlut og kviðarholshluta æðarinnar en ekki greinar hennar.

Heilablóðfall (Stroke)

Sérhvert heilaæðaáfall sem veldur taugakerfiseftirstöðvum sem vara lengur en 24 klst.; þetta nær til fleygdreps í heilavef, blæðinga og blóðreks frá upptökum utan höfuðkúpu. Sýnt skal fram á starfsgalla í taugakerfi í að minnsta kosti þrjá mánuði.

Undanskilið er: Skammvinnt blóðþurrðarkast (TIA); taugakerfiseinkenni vegna mÍgrenis.

Krabbamein (Cancer)

Sjúkdómur sem gefur sig til kynna með illkynja æxli, sem einkennist af stjórnlausum vexti og dreifingu illkynja frumna og íferð í vef. Sjúkdómsgreininguna verður að sannreyna með afgerandi vefjarannsókn. Heitið krabbamein innifelur einnig hvítblæði og illkynja sjúkdóm í eitla- og vessakerfinu, svo sem Hodginsjúkdóm.

Undanskilið er: Sérhvert stig af innanþekjuæxli í leghálsi (CIN); sérhvert forstig illkynja æxlis; sérhvert krabbamein án íferðar (setbundið krabbamein); blóðruhálskirtilskrabbamein á stigi 1 (T1a, 1b, 1c); öll húðkrabbamein á stigi 1A (T1a, N0, M0) þar með talið sortukrabbamein; sérhvert illkynja æxli samfara eyðniveiru (HIV).

Góðkynja heilæxli (Benign Brain Tumour)

Brottnám, við svæfingu, vaxtar í heilavef sem ekki er krabbamein en leiðir til viðvarandi taugrænnar truflunar eða ef óskurðtækur leiðir einnig til viðvarandi taugrænnar truflunar.

Undanskilin eru: Öll belgmeir (cysts), bólguhnúðar (granuloma), vanskapnaður á eða í slagæðum eða bláæðum heilans, margúlar (hematoma) og æxli í heiladingli eða mænu.

Heila og mænisigg (Multiple Sclerosis)

Ótvíræð greining heila og mænisiggs, gerð af sérfræðingi í taugasjúkdómum við viðurkennt sjúkrahús. Hinn tryggði verður að hafa haft taugakerfiseinkenni samfleytt í a.m.k. sex mánaða tíma eða haft a.m.k. tvö klínískt staðfest tímabil einkenna. Hvort um sig verður að hafa varað að minnsta kosti 24 klst. með a.m.k. eins mánaðar millibili og hafi einkenninn verið frá mismunandi svæðum miðtaugakerfis. Þessu til staðfestingar skuli einkenni afmýlingar og truflun hreyfinga og skynjunar vera dæmigerð ásamt niðurstöðum segulómrannsóknar.

Hreyfitaugungahrönnun (Motor Neuron Disease)

Staðfesting ákveðinnar greiningar hreyfitaugungahrönnunar (t.d. hliðarstrengjahersli, frumkomin hreyfitaugungahrönnun, ágeng vista, ágeng mænukyllulömun, sýndarmænukyllulömun) skal gerð af sérfræðingi í taugasjúkdómum við viðurkennt sjúkrahús. Sjúkdómurinn verður að hafa leitt til varanlegs óhæfis til þess að framkvæma sjálfstætt þrjár eða fleiri athafnir daglegs lífs (ADL), baða sig, klæðast, afklæðast, fara á og nota salerni, fara úr rúmi í stól eða úr stóli í rúm, hafa stjórn á hægðum og þvaglátum, borða, drekka og taka lyf eða verður að hafa leitt til varanlegrar rúmlegu og óhæfis til að fara á fætur án utanaðkomandi aðstoðar. Þetta ástand skal hafa varað í a.m.k. þrjá mánuði samkvæmt læknisfræðilegri staðfestingu.

Meiriháttar líffæraflutningar (Major organ Transplant)

Vátryggður gengst undir uppskurð sem þegi á hjarta, lunga, lifur, briskirtli, nýra eða beinmerg.

Nýrnabilun (Kidney Failure)

Lokastig nýrnabilunar sem einkennist af langvinnri varanlegri bilun á starfsemi beggja nýrna og leiðir annað hvort til reglubundinnar blóðskilunar (renal dialysis), himnuskilunar (peritoneal dialysis) eða að nýrnaflutningur (renal transplantation) er framkvæmdur.

Alzheimers-sjúkdómur fyrir 60 ára aldur (Alzheimer's Disease)

Greining Alzheimers-sjúkdóms (presenile dementia) fyrir 60 ára aldur, sem leitt hefur til varanlegs óhæfis til að framkvæma sjálfstætt þrjár eða fleiri athafnir daglegs lífs (ADL), baða sig, klæðast, afklæðast, fara á og nota salerni, fara úr rúmi í stól eða úr stóli í rúm, hafa stjórn á hægðum og þvaglátum, borða, drekka og taka lyf eða leitt til þarfar á eftirliti og varanlegri viðveru umönnunaraðila vegna sjúkdómsins. Þetta ástand skal hafa varað í a.m.k. þrjá mánuði samkvæmt læknisfræðilegri staðfestingu.

Parkinsonsveiki fyrir 60 ára aldur (Parkinson's Disease)

Ótvíræð greining taugasérfræðings á Parkinsonsveiki af óþekktri orsök eða frumkominni Parkinsonsveiki (öll önnur form af Parkinsonsheilkenni eru undanskilin) fyrir 60 ára aldur skal gerð af sérfræðingi í taugasjúkdómum við viðurkennt sjúkrahús. Sjúkdómurinn verður að hafa leitt til varanlegs óhæfis til þess að framkvæma sjálfstætt þrjár eða fleiri athafnir daglegs lífs (ADL), baða sig, klæðast, afklæðast, fara á og nota salerni, fara úr rúmi í stól eða úr stóli í rúm, hafa stjórn á hægðum og þvaglátum, borða, drekka og taka lyf eða

hefur leitt til eftirlitsþarfar og varanlegrar viðveru umönnunaraðila vegna sjúkdómsins. Þetta ástand skal hafa varað í a.m.k. þrjá mánuði samkvæmt læknisfræðilegri staðfestingu.

Alvarleg brunasár (Major Burns)

Þriðja stigs brunasár sem þekja a.m.k. 20% af yfirborði líkama váttryggðs, staðfest af sérfræðingi.

Útlimamissir (Loss of Limbs)

Varanlegur missir tveggja eða fleiri útlima ofan úlnliðs eða ökkliðs vegna slyss eða sjúkdóms.

Blinda (Blindness)

Alger, varanlegur og óbætanlegur missir sjónar á báðum augum, staðfest af sérfræðingi í augnlækningum.

7. gr. Barnasjúkdómatrygging

Félagið greiðir bætur í samræmi við 5. og 6.gr. skilmálanna vegna váttryggingaratburðar sem börn váttryggðs, samkvæmt neðangreindum aldursmörkum, verða fyrir á gildistíma váttryggingarinnar. Einnig greiðir félagið bætur samkvæmt sömu skilgreiningu vegna fósturbarna og stjúp barna váttryggðs, sem eiga lögheimili og búa á sama stað og váttryggður.

Um barnasjúkdómatrygginguna gilda sérstaklega eftirfarandi aldursmörk:

- börn sem orðin eru tveggja ára og yngri en átján ára eru váttryggð fyrir öllum váttryggingaratburðum samkvæmt 6. gr. skilmálanna.
- börn sem orðin eru þriggja mánaða og yngri en tveggja ára eru einungis váttryggð vegna eftirtaldrá váttryggingaratburða samkvæmt 6. gr. skilmálanna: Krabbamein – Góðkynja heilæxli – Alvarleg brunasár

Bætur úr barnasjúkdómatryggingu eru 50% af váttryggingarfjárhæð váttryggðs.

Greiðslur bóta úr váttryggingunni vegna barna, fósturbarna og stjúp barna váttryggðs hafa hvorki áhrif á váttryggingarfjárhæð né gildi váttryggingarinnar að öðru leyti nema bætur vegna hvers barns eru aðeins greiddar einu sinni.

Bætur eru ekki greiddar vegna sjúkdóma eða aðgerða sem sannanlega má rekja, beint eða óbeint, til ástands barns fyrir ofangreind aldursmörk eða fyrir töku eða endurupptöku váttryggingarinnar.

Bætur eru ekki greiddar vegna ættleiddra barna ef hægt er að rekja orsakir sjúkdóms eða aðgerðar til ástands barns áður en það var ættleitt. Sama gildir um stjúp börn og fósturbörn.

8. gr. Takmarkanir á ábyrgð vegna sjúkdómatryggingar og barnasjúkdómatryggingar

Aðrir sjúkdómar, aðgerðir og tilvik en þau sem talin eru upp sem bótaskyld í 6. gr. eru ekki bótaskyld samkvæmt váttryggingu þessari.

Ekki eru greiddar bætur ef váttryggður eða barn sem skilgreint er í 7.gr. skilmálanna gengst undir kransæðaaðgerð eða greinist með krabbamein, heila- og mænusigg eða hjartaáfall á fyrstu þremur mánuðum eftir töku eða eftir atvikum endurupptöku váttryggingarinnar.

Skilyrði fyrir bótageiðslu er að váttryggður eða barn sem skilgreint er í 7.gr. skilmálanna lifi a.m.k. í þrjátíu daga frá því váttryggingaratburður var staðfestur.

ALMENN ÁKVÆÐI

9. gr. Réttur til uppsagnar á váttryggingartímanum

Félagið getur sagt upp váttryggingunni, ef einhver eftirtalinna atvika eiga við:

1. ef gefnar hafa verið rangar eða ófullnægjandi upplýsingar um áhættuna, með 14 daga fyrirvara, sbr. 84. og 76. gr. laga nr. 30/2004;
 2. ef váttryggingartaki hefur viðhaft svíksamlega háttsemi við upplýsingagjöf til félagsins um áhættuna, án fyrirvara, sbr. 84. og 76. gr. laga nr. 30/2004;
- Váttryggingartaki getur slitið samningnum hvenær sem er, 1. mgr. 75. gr. laga nr. 30/2004 og skal það gert skriflega.

10. gr. Endurkaup og lán

Váttrygging þessi hefur ekki endurkaupsverðmæti og veitir ekki rétt til lántöku hjá félaginu.

11. gr. Frestur til að tilkynna um váttryggingaratburð

Váttryggður glatar rétti til bóta ef:

1. hann tilkynnir félaginu ekki um kröfu sína innan árs frá því að hann vissi um atvik sem hún er reist á;
2. hann hefur ekki höfðað mál eða krafist meðferðar málsins fyrir úrskurðarnefnd í váttryggingamálum innan árs frá því að hann fékk skriflega tilkynningu um að kröfu hans væri hafnað, sbr. 124. gr. laga nr. 30/2004.

12. gr. Brot á upplýsingaskyldu - svik og rangar upplýsingar

Upplýsingar um áhættuna

Hafi váttryggingartaki eða váttryggður svíksamlega vanrækt upplýsingaskyldu sína um atvik sem haft geta þýðingu fyrir mat félagsins á áhættu og váttryggingaratburður orðið ber félagið ekki ábyrgð, sbr. 1. mgr. 83. gr. laga nr. 30/2004.

Hafi váttryggingartaki eða váttryggður með öðrum hætti vanrækt upplýsingaskyldu sína í þeim mæli að ekki telst óverulegt fellur ábyrgð félagsins niður í heild eða að hluta, sbr. 2. mgr. 83. gr. laga nr. 30/2004.

Upplýsingar við uppgjör bóta

Sá sem við tjónsuppgjör veitir af ásetningi rangar eða ófullnægjandi upplýsingar við uppgjör bóta glatar öllum rétti á hendur félaginu samkvæmt þessum og öðrum váttryggingarsamningum vegna hins tiltekna váttryggingaratburðar, sbr. 2. mgr. 120. gr. laga nr. 30/2004. Í slíkum tilvikum getur félagið sagt upp öllum váttryggingarsamningum sínum við viðkomandi með einnar viku fyrirvara.

13. gr. Breyting váttryggingarfjárhæðar og iðgjalds

Váttryggingarfjárhæðir og iðgjöld breytast í samræmi við breytingar sem verða á vísitölu neysluverðs án húsnæðis frá 1. júní 2008. Uppfærðar váttryggingarfjárhæðir koma fram í váttryggingarskírteini og endurnýjunarkvittunum.

14. gr. Breyting á iðgjaldsgrundvelli

Félagið áskilur sér rétt til breytinga á iðgjaldaskrá ef almenn áhættuaukning verður eða almennar forsendur váttryggingarinnar reynast aðrar en áætlað var í tæknilegum grundvelli váttryggingarinnar. Allar slíkar breytingar yrðu lagðar fyrir Fjármálaeftirlitið, áður en þær tækju gildi.

15. gr. Greiðsla váttryggingarfjárhæðarinnar

Tilkynna skal félaginu um andlát váttryggðs eða sjúkdóm án ástæðulausrar tafar.

Váttryggingarfjárhæðin fellur í gjalddaga 14 dögum eftir að nægar sannanir fyrir greiðsluskyldu félagsins hafa borist því, eftir atvikum nægilega skýr læknisfræðileg gögn eða dánarvottorð frá lækni.

Greiðsla bóta miðast við váttryggingarfjárhæð á tjónsdegi, sbr. verðtryggingarákvæði 13. gr. skilmálanna.

Um vexti af bótafjárhæðum fer samkvæmt 123. gr. laga nr. 30/2004.

Félagið greiðir kostnað vegna gagna, sem félagið telur nauðsynleg til afgreiðslu málsins og aflað er að beiðni þess. Félagið greiðir ekki kostnað vegna lögmannaástoðar né heldur annan kostnað sem stofnað er til vegna váttryggingaratburðar án samþykkis félagsins.

16. gr. Fyrning

Kröfur um bætur úr váttryggingu þessari fynrast samkvæmt reglum 125. gr. laga nr. 30/2004.

17. gr. Ágreiningur

Verði ágreiningur um váttrygginguna skal íslenskur dómstóll skera úr honum samkvæmt íslenskum lögum, nema annað leiði af þjóðréttarsamningi sem Ísland er bundið af.

Úrskurðarnefnd í váttryggingamálum sker úr ágreiningi um bótaskyldu, sök og sakarskiptingu auk ágreinings um atriði, er varða ákvæði laga nr. 30/2004 um váttryggingarsamninga.

Úrskurðarnefnd í váttryggingamálum er vistuð er hjá Fjármálaeftirlitinu og má nálgast upplýsingar og málskotseyðublað vegna nefndarinnar á vefsíðunum www.fme.is og www.sjova.is, auk fyllri upplýsinga um starfssvið og starfsháttu hennar.

Málsmeðferð fyrir úrskurðarnefnd í váttryggingamálum skerðir ekki rétt málskotsaðila til þess að leggja málið fyrir almenna dómstóla.

18. gr. Varnarþing

Varnarþing félagsins er í Reykjavík. Mál sem kunna að rísa á hendur félaginu út af váttryggingu þessari, skulu rekin fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

19. gr. Þagnarskylda - Vernd persónuupplýsinga

Farið er með upplýsingar um váttrygginguna sem trúnaðarmál.

Samkvæmt lögum um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga nr. 77/2000 á sá sem upplýsingar eru skráðar um rétt á að fá upplýsingar hjá félaginu um vinnslu persónuupplýsinga um sig auk þess sem hann á rétt á því að félagið leiðrétti rangar, villandi eða ófullkomnar upplýsingar.

Félagið notar þær persónuupplýsingar sem aflað er vegna váttryggingar þessarar aðeins við mat á váttryggingarbeiðnum, í því skyni að meta þörf á váttryggingavernd og veita váttryggingartaka ráðgjöf um val á váttryggingum, við afgreiðslu bótakrafna, upplýsingagjöf til váttryggingartaka og við aðra eðlilega starfsemi félagsins.

Félagið leggur ríka áherslu á öryggi og trúnað við meðferð persónuupplýsinga. Upplýsingar um viðskiptavini félagsins eru ekki afhentar þriðja manni nema samkvæmt skýru umboði, lögum eða dómsúrskurði.

Skilmálar þessir gilda frá 1. júní 2008

[Efst á skjal](#)

Skilgreiningar á viðbótarbótapáttum sjúkdómatryggingar sem gilda með skilmálum S1-S7 vegna váttryggingaratburða sem orðið hafa eftir 1. janúar 2010.

Heyrnarleysi

Algjör, varanlegur og óbætanlegur heyrnarmissir á báðum eyrum vegna sjúkdóms eða slyss, staðfestur af sérfræðingi í háls-, nef- og eyrnalækningum og niðurstöðum heyrnarmælinga.

Alnæmi (AIDS) vegna blóðgjafar

Smit af völdum eyðniveiru (HIV) eða staðfest greining á alnæmi (AIDS) sem rekja má til blóðgjafar. Öll eftirfarandi skilyrði verða að vera til staðar:

- Læknir verður að hafa metið blóðgjöfina læknisfræðilega nauðsynlega og blóðgjöfin sjálf verður að hafa átt sér stað eftir að váttryggingin tók gildi.
- Heilbrigðisstofnunin sem veitti blóðgjöfina verður að viðurkenna ábyrgð sína.
- Váttryggður er ekki blæðari.

Alnæmi(AIDS) vegna starfa

Eyðniveirusmit af völdum óhapps sem váttryggður verður fyrir í starfi sínu samkvæmt venjubundinni starfslýsingu. Öll óhöpp sem mögulega geta leitt til bótakröfu verður að tilkynna til félagsins innan 7 daga frá óhappinu. Með tilkynningunni skal óhappaskýrsla fylgja ásamt staðfestingu á neikvæðri niðurstöðu úr HIV mótefnamælingu sem tekin var strax eftir óhappið. Breyting í jákvætt próf (seroconversion) skal hafa gerst innan 6 mánaðafrá óhappinu.

Heilahimnubólga af völdum bakteríusýkingar (Bacterial Meningitis)

Staðfest greining á bólgu í himnunum sem umlykja heila og mænu. Sérfræðingur skal staðfesta greininguna með blóð- og mænuvökvarannsóknnum, tölvusneiðmyndum (CT) eða segulóm skoðun (MRI) af höfði. Sjúkdómurinn verður að hafa leitt til varanlegs óhæfis til þess að framkvæma sjálfstætt þrjár eða fleiri athafnir daglegs lífs (ADL), baða sig, klæðast, afklæðast, fara á og nota salerni, fara úr rúmi í stól eða úr stóli í rúm, hafa stjórn á hægðum og þvaglátum, borða, drekka og taka lyf eða verður að hafa leitt til varanlegrar rúmlegu og óhæfis til að fara á fætur án utanaðkomandi aðstoðar. Þetta ástand skal hafa varað í a.m.k. þrjá mánuði samkvæmt læknisfræðilegri staðfestingu.

Alvarlegur höfuðáverki

Alvarlegur áverki á höfði sem truflar heilastarfsemi. Greining þarf að vera staðfest af sérfræðingi og dæmigerðum niðurstöðum myndgreiningar á taugakerfi t.d. tölvusneiðmyndar (CT) eða segulóm skoðunar (MRI). Áverkinn verður að hafa leitt til varanlegs óhæfis til þess að framkvæma sjálfstætt þrjár eða fleiri athafnir daglegs lífs (ADL), baða sig, klæðast, afklæðast, fara á og nota salerni, fara úr rúmi í stól eða úr stóli í rúm, hafa stjórn á hægðum og þvaglátum, borða, drekka og taka lyf eða verður að hafa leitt til varanlegrar rúmlegu og óhæfis til að fara á fætur án utanaðkomandi aðstoðar. Þetta ástand skal hafa varað í a.m.k. þrjá mánuði samkvæmt læknisfræðilegri staðfestingu